

## Tillaga miðstjórnar til breytinga á þingsköpum ASÍ

### Grein 2.2. breytist og hljóði svo:

Þingforseti stjórnar fundi og sér um að allt fari fram með góðri reglu, tekur við öllum erindum til þingsins og skýrir frá þeim ~~og~~ dreifir til þingfulltrúa eða birtir á aðgengilegan hátt með rafrænum hætti.

### Grein 3.4. breytist og hljóði svo:

Nefndir skili skriflegu álitinu til þingsins og skal því dreift til þingfulltrúa skriflega eða það birt á aðgengilegan hátt með rafrænum hætti.

### Grein 5.1. breytist og hljóði svo:

Engar tillögur um mál á sambandsþingi er hægt að bera upp til atkvæða nema þeim hafi verið dreift skriflega til þingfulltrúa eða þær verið birtar á aðgengilegan hátt með rafrænum hætti. Í öllum málum samkvæmt kafla þessum ræður einfaldur meirihluti atkvæða nema lög ASÍ eða þingsköp þessi mæli fyrir á annan veg.

### Grein 5.2. breytist þannig:

Í stað tilvísunar í 1.málslið til „43.gr.“ laga ASÍ komi „50.gr.“

Við 5.2. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Miðstjórn er heimilt að efna til umræðu og ákvarðanatöku um tiltekin málefni án þess að bera fram tillögu eins og mælt er fyrir um í 5.1. Skal þá við fyrri umræðu fara fram opin hringborðsumræða þingfulltrúa. Starfsmenn þingsins skulu taka saman niðurstöður hringborðsumræðu. Sérstakri ritnefnd kjörinni af þinginu skal síðan falið að setja niðurstöður fram í ályktunar- eða tillöguformi sem kynntar verði í viðeigandi málefnanefnd þingsins og afgreiddar þar til annarrar umræðu.

### Greinargerð

Í fyrsta lagi eru tillögur gerðar til þess að aðlaga þingsköp ASÍ rafrænni framkvæmd þ.a. að í stað dreifingar á útprentuðum tillögum og álitum verði heimilt að birta slík gögn á viðeigandi hátt með rafrænum hætti. Eftir sem áður verða tillögur, álit og önnur skjöl að berast þingforsetum á hefðbundinn hátt og þingmerkjast.

Í öðru lagi er lögð til ný 2.mgr. gr. 5.2. sem endurspeglar þann hátt sem viðhafður verið á síðustu þingum sambandsins við stefnumótun, að miðstjórn leggi ekki fyrir þingið, tillögur sem þegar hafi verið fullmótaðar og samþykktar í miðstjórn heldur sé það þingsins og viðeigandi nefnda að meta framlögð gögn og ræða sig til niðurstöðu á opinn og lýðræðislegan hátt.

Loks er í þriðja lagi gerð leiðrétting á á tilvísun til laga ASÍ þar sem 50.gr. laganna á nú við en ekki 43.gr. Ekki er um efnisbreytingu að ræða.

**Þannig samþykkt í miðstjórn ASÍ 19.10 2016**